



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2020
2005033SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, lax og silungsveiði vegna einföldunar regluverks og stjórnslu, 713. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis dags. 6. maí sl., um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, lax og silungsveiði vegna einföldunar regluverks og stjórnslu.

Sambandið telur markmið frumvarpsins um einföldun stjórnslu og að fella á brott úrelt lög vera til fyrirmyndar. Sambandið hvetur til þess að sambærileg vinna eigi sér stað víðar þar sem gagnrýnum augum er farið yfir lög, reglugerðir og reglur með það að markmiði að efla, einfalda og auka skilvirkni stjórnslunnar til hagsbóta fyrir alla. Slíkt eykur einnig réttaröryggi ef almenningur getur á auðveldan hátt séð hvaða lög og reglur eru í gildi hverju sinni og þurfi ekki að þræða sig í gegnum úrelt lög.

Sambandið hvetur til að frumvarpið sé samþykkt að undangenginni skoðun á ábendingum er fram hafa komið við einstaka greinar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri